



Mættur aftur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, mætti aftur á Alþingi í gær eftir leyfi og nú sem óbreyttur þingmaður. Hann lýsti því yfir í viðtali á Bylgjunni í gærmorgun að hann vildi vera formaður flokksins áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Æfa í heilt ár fyrir Mýraboltann

LÍFIÐ Rapparinn Erpur Eyvindarson hefur verið duglegur við að rífa í ketilbjöllurnar síðastliðna mánuði ásamt góðum hóp. Ástæða sveiflanna er Mýraboltinn en hann segir styrk og þol öllu skipta þegar hlaupið er um í drullu. „Það var dómarskandall seinast, við vorum búnir að rúlla þessu öllu upp og svo var svona smá skandall sem maður nennir ekkert að vera að tala um en við ákváðum að við kæmum til baka og myndum taka þetta eins og Maradona gegn Englandi '86.“

– gló / sjá síðu 22

Nýtur ekki fulls trausts

Framtíð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sem formanns Framsóknar er í höndum flokksmanna. Yfirlýsing um framboð kemur hluta flokksfólks á óvart.

STJÓRNMÁL „Það kemur á óvart að yfirlýsing um framboð kemur áður en hann er búinn að ræða við flokksmenn,“ segir Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar í Fljótshálsá, um þá ákvörðun Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þingmanns Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, að halda áfram í stjórn málum.

Sigmundur Davíð ætlar að bjóða sig fram sem formaður flokksins á ný og til þings í haust. Fram kom í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun að hann gerði ráð fyrir því að hann nyti áfram stuðnings.

„Það hefði verið eðlilegt að taka umræðu um þetta áður, en það er auðvitað lítið að segja við því þegar fólk býður sig fram til trúnaðar-

starfa,“ segir Stefán Bogi sem segist telja það góðan kost að Sigurður Ingi Jóhannsson, núverandi forsætisráðherra og varaformaður flokksins, tæki við keflinu.

Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar í Fljótshálsá



„Það kemur í ljós á næstu vikum hvort honum tekst að endurheimta traust flokksmanna,“ segir Stefanía Óskarsdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. „Það er ljóst að hann vill reyna á það. Hann sagði að hann myndi snúa til baka sem óbreyttur þingmaður og að hann vildi leiða flokkinn. Það eru skiptar skoðanir innan og utan flokks á því hvort hann eigi að verða formaður,“ segir Stefanía um ákvörðun Sigmundar Davíðs.

„Það er í höndum flokksmanna hver framtíðin verður. Það hefur verið boðað til miðstjórnarfundar og þar verða þessi mál rædd,“ segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins á Akureyri.

– kbg, srs / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Innflytjendur þurfa meiri stuðning í skólanum. **4**

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Mývatn. **13**

SPORT Hrafnhildur Lúthersdóttir ætlar að toppa í Rió. **14**

TÍMAMÓT Í Sundhöllinni verður jóga áður en lokað verður. **16**

SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÞÚ
BARA
VERÐUR
AÐ SMAKKA

HAGKAUP
Skemmtilegt að vera

FK
FJARÐARKAUP

Samskipti

HUSAMÍDIAN

nettó

Samkaup

POPPARINN
MED ÖLU

HUNANGS
GRILLSÖSÚ

ALVÖRU
PIZZASÖSÚ

FRÖNSK
HVÍTLAUSÖSÚ

GRILL
SÖSÚ

Veður



Í dag snýst vindur í fremur hæga sunnanátt. Lítils háttar rigning öðru hverju, fyrst suðvestanlands, en léttskýjað á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 6 til 14 stig.

SJÁ SIÐU 18



TF-Gná, þyrla Landhelgisgæslunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fimm bjargað eftir þyrluslys

SLYS Fimm sluppu lítið meiddir þegar þyrlu hlekkist á norðaustan við Nesjavallavirkjun í gærkvöldi. Þyrla Landhelgisgæslunnar og Björgunarsveitir á Suðurlandi voru kallaðar út til leitar eftir að neyðarkall barst frá þyrlunni, sem stöð var á Hengilssvæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurlandi barst neyðarboð frá þyrlunni korter fyrir átta í gærkvöldi og voru viðbragðsaðilar þá strax kallaðir til.

Í fyrstu var ekki vitað hvar nákvæmlega þyrlan var niðurkomin en liðsmenn Landhelgisgæslunnar komu auga á hana úr lofti, þar sem hún sat í dæld og sást illa af jörðu niðri. Þyrla Landhelgisgæslunnar gat lent og flutti farþegar þyrlunnar sem hlekkist á til Reykjavíkur.

Aðstoð björgunarsveita og annarra viðbragðsaðila sem voru á leið að þyrlunni var í kjölfarið afturkölluð. Þyrlan er talin mikið skemmd, en hún er utan alfararleiðar og töluverður gangur að henni, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

Farþegar þyrlunnar voru fluttir beint á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi þar sem þeir voru skoðaðir og fengu adhlýningu í gærkvöldi. – tpt, óká

Prjónað í takt við trommur



Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður bauð gestum í Norræna húsinu í taktfast samprjón við undirleik Sigtryggs Baldurssonar og Steingrims Guðmundssonar í gær. Afraksturinn verður til sýnis í Hörpu á Listahátíð. „Ég er að reyna að fá fólk til að fá áhuga á prjóni á annan máta, þetta er samfélagsverkefni,“ segir Steinunn. „Ég vil að fólk reyni að komast úr þessu boxi sem við erum föst í, að prjóna eftir uppskrift.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðsnúningur eftir samninga

HÚSNÆÐISMÁL Viðsnúningur hefur orðið á rekstri húsnæðissamvinnufélagsins Búmannanna frá því í september í fyrra. Gjaldþrot blasti við en félagið var í greiðslustöðvun.

Kjörinn var nýr formaður stjórnar, stjórnin endurnýjuð að hluta og öll varastjórn endurnýjuð. Í tilkynningu kemur fram að ársreikningur sýni nú betri afkomu. Ný stjórn hafi unnið að framgangi nauðasamnings og samningsgerð við Íbúðalánasjóð um fjárhagslega endurskipulagningu.

Stjórnir Íbúðalánasjóðs og Búmannanna staðfestu svo nauðasamninginn og þá var hafist handa við að uppfylla ákvæði hans. Þar má nefna að stofna leigufélag sem færi í lausar íbúðir sem hafa verið baggi á félaginu. Gengið hefur verið frá stofnun félagsins, samþykktir útbúnar og kosid í stjórn. Rekstrarlegur aðskilnaður milli Búmannanna og leigufélagsins verður virkur frá 1. júní næstkomandi.

– gló

Drop-in brúðkaup og skírn án endurgjalds

Fólki er boðið að koma með skömmum fyrirvara og láta gefa sig saman með bæði söng og undirleik í Breiðholtskirkju 28. maí og 11. júní næstkomandi. Presturinn kveðst reiðubúinn að gefa saman fólk fram á kvöld ef með þarf.

SAMFÉLAG „Ég vaknaði nú ekki með þessa hugmynd. Þetta er orðið mjög algengt í Svíþjóð og við buðum upp á þetta í söfnuðinum í Falun þar sem ég starfaði. Þar notfærir sér fjölmenni boðið.“

Þetta segir séra Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Breiðholtskirkju, um þá ákvörðun að bjóða upp á svokallaðan „drop-in“ skírnardag og brúðkaupsdag í kirkjunni. Þangað verður hægt að koma til skírnar, sjálfur eða með barn, laugardaginn 28. maí án endurgjalds og til hjónavignisla án endurgjalds laugardaginn 11. júní. Boðið verður upp á alla athöfnina með söng og undirleik.

Í raun er um að ræða hálfildings drop-in athafnir þar sem fólk þarf að hafa útvegað sér tilskilin vottorð áður. „Þess vegna byrjaði ég snemma að segja frá þessu. Þeir sem ætla að láta gefa sig saman þurfa að útvega sér hjúskaparstöðuvottorð sem getur tekið nokkrar vikur. Sé skírnar barn yngri en 16 ára þarf skriflegt samþykki beggia ábyrgðarmanna barns. Auk þess þurfa foreldrar að koma með fæðingavottorð. Það er hægt að útvega samdægurs,“ segir Þórhallur og bætir því við að tilvonandi brúðhjón þurfi að tilkynna um komu sína. Þau verði svo látin vita í vikunni fyrir brúðkaupið hvenær þeirra athöfn fari fram að deginum til þess að ekki verði biðröð.

Gert er ráð fyrir að athafnirnar verði frá klukkan eitt eftir hádegi og til fjögur báða dagana.

„Það er hægt að gefa saman sex pör á þessum tíma og nú þegar hafa fjögur pör boðað komu sína,“ greinir Þórhallur frá.



„Þetta eru í raun svolitil mótmæli hjá mér. Fyrir hrun gátu brúðkaup jafnvel kostað meira en milljón krónur. Ég það á tilfinningunni að þetta sé að fara í það far aftur,“ segir séra Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Breiðholtskirkju.

Hver er taxti Prestafélagsins?

- Verð fyrir hjónavignisla er **17.500 kr.**
- Verð fyrir skírn er **6.000 kr.**
- Margir prestar rukkka ekki fyrir skírn.
- Ekki er rukkkað fyrir skírn ef hún er í messu.

Hann kveðst hins vegar reiðubúinn að gefa saman fólk fram á kvöld. „Við framlengjum ef með þarf. Tónlistarfólkid ætlar að skipta deginum á milli sín.“

Þórhallur vísar á bug gagnrýni um að kirkjan sé orðin órvæntingargull vegna færri kirkjugesta og bjóði þess vegna ókeypis athafnir.

„Þvert á móti. Það er verið að skíra og gifta í kirkjum úti um allt land í sumar,“ segir hann.

„Þetta eru í raun svolitil mótmæli hjá mér. Fyrir hrun gátu brúðkaup jafnvel kostað meira en milljón krónur. Ég hef það á tilfinningunni að þetta sé að fara í það far aftur og með því að bjóða upp á ókeypis athafnir í kirkjunni er ég að benda á að tilstandið þurfi alls ekki að vera mikið.“

ibs@frettabladid.is

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Öflug hita- og kælimeðferð

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, Fjarðarkaup og Þín verslun Seljabraut


Audi
Vorsprung durch Technik



Reynsluaktu nýjum Audi A4

Öflugri, sparneytnari og snjallari: Nýr Audi A4 sameinar tækni og fagurfræði með einstökum hætti. Nýstárlegt Audi Virtual mælaborð með 12,3 tommu háskerpu LCD skjá og Bang & Olufsen hljómkerfi (valbúnaður) með þrívíðu hljóði gefa innanrýminu áhrifamikið yfirbragð.

Komdu og reynsluaktu nýjum Audi A4 sem er margverðlaunaður um allan heim.

 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

5 ára
ábyrgð

Aumingjalegt að upplýsa ekki um íslenska aflandskrónueigendur

STJÓRNMÁL Frumvarp um meðferð aflandskrónueigna var til umræðu á Alþingi í gærkvöldi. Það var ekki búið að samþykka frumvarpið þegar Fréttablaðið fór í prentun en leiða má líkur að því að það hafi verið gert.

Frumvarpið fékk hraðameðferð um helgina en efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tók við umsögnum, fékk til sín fjölda gesta og skilaði meirihlutaálit auk minnihlutaálts.



Þingmenn fylgdust með umræðum í þingsal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrátt fyrir almenna sátt um frumvarpið komu þó áhyggjuraddir fram á fundinum.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, studdi frumvarpið en velti því upp hvort það stæðist jafnræðisreglu stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Hann sagði að í frumvarpinu væri beinlínis gert ráð fyrir að erlendir lögaðilar væru í raun og veru Íslendingar og að upplýsa þyrfti um það. Slíkar upplýsingar myndu gagnast

fyrir dómstólum færi svo að frumvarpið rataði þangað.

„Þess vegna finnst mér hálfumingjalegt í þessu frumvarpi að það er ekki lögð áhersla á það að það verði upplýst hvaða Íslendingar það eru sem eigi þessar eignir.“

Þá kom það fram í umsögn bandarísku fjárfestingarsjóðanna Eaton Vance Corp. og Autonomy Capital að frumvarpið bryti gegn eignarétti þeirra og færi svo að það yrði samþykkt yrði ríkið bótaskyld. – srs

Viðreisn tekur á sig mynd

STJÓRNMÁL Stjórnmalaflokkurinn Viðreisn býður fram undir listabókstafrum C í komandi Alþingiskosningum.

Þetta segir í tilkynningu frá Viðreisn fyrir helgi. Þá afhjúpaði flokkurinn merki sitt og opnaði nýja vefsíðu. Á síðunni má sjá nokkur áherslumál Viðreisnar og drög að stefnu flokksins. Áherslurnar eru réttlátt samfélag þar sem til að mynda réttur allra til góðrar menntunar og heilbrigðisþjónustu er skilgreindur. Þá er þar lögð áhersla á stöðugt efnahagslíf, fjölbreytt atvinnulíf, lækkun skulda ríkissjóðs og hallalaus fjárlög.

Þá leggur Viðreisn áherslu á viðskiptafrelsi, vestræna samvinnu og að samningum um aðild að Evrópusambandinu verði lokið.

Stofnfundur Viðreisnar fer fram í Hörpu á morgun, þriðjudaginn 24. maí. – srs

Lilja mætir á leiðtogafund

UTANRÍKISMÁL Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra er fulltrúi Íslands á leiðtogafundi um mannúðarmál sem fer fram í Istanbul í dag. Í tilkynningu utanríkisráðuneytisins segir að um sé að ræða fyrsta fund sinnar tegundar.

Á fundinum er áhersla lögð á tengsl mannúðaraðstoðar, þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingar, aukin framlög til neyðar- og mannúðarstofnana og að bæta bæði árangur og áreiðanleika þeirrar aðstoðar sem veitt er þeim sem hana þurfa.

Undirbúningur fundarins er sagður hafa staðið í þrjú ár, en hann sækja sex þúsund fulltrúar frá ríkisstjórn, alþjóðasamtökum, þróunarsamvinnustofnunum, borgarasamtökum og einkafyrirtækjum. – gló



Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra

Innflytjendur þurfa meiri stuðning í skólanum

Skólasókn er minnst meðal innflytjenda í framhaldsskólum og mikið er um brottfall. Í kennaranámi er lítið um sértæka kennslu í móttöku innflytjenda. Námsráðgjafi segir menningarläsi kennaranna afar mikilvægt.

SAMFÉLAG Gögn Hagstofunnar sýna að rúm 95 prósent sextán ára ungmenna sóttu framhaldsskóla haustin 2012 og 2013. Skólasókn var minnst meðal innflytjenda, eða rúmlega 86 prósent, og tæp 65 prósent voru í skóla við 18 ára aldur.

Þrátt fyrir að nemendum af erlendum uppruna hafi fjölgað hratt í íslensku skólakerfi er aðeins eitt skyldunámskeið í fimm ára kennaranámi HÍ sem kemur inn á málafni innflytjenda. Í námskeiðinu er fjallað um skóla án aðgreiningar og fjölbreyttan nemendahóp, og þar með innflytjendur. Þeir sem taka kennsluréttindi til framhaldsskólakennslu taka engin skyldunámskeið er varða innflytjendur sérstaklega. Þess má geta að nemendur geta tekið valnámskeið um innflytjendur og valið námsleiðir þar sem fjallað er ítarlegra um málefni þeirra.

Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Tækniskólanum, hefur mikla reynslu af vinnu með innflytjendum í skólakerfinu og segir ýmsar ástæður að baki því að erfitt sé að halda þessum hópi ungmenna innan skólaveggjanna.

„Margir unglingar búa í tveimur menningarheimum, einn er heima og hinn í skólanum. Því gilda ólíkar reglur og gildi um hvað skipti mestu máli og hvernig maður hagar sér. Einnig geta verið ólík viðhorf til menntunar.“

Þórdís nefnir dæmi um unglinga frá Asíu þar sem ungt fólk á ekki að ávarpa eldri manneskjur að fyrra bragði eða segja að maður skilji ekki eitthvað. „Þetta getur valdið vandræðum því þau taka ekki frumkvæði og biðja ekki um aðstoð. Á þessu þurfa kennarar að átta sig.“

Almennt segir Þórdís þurfa að



Í Tækniskólanum eru hundrad nemendur á svokallaðri nýbúabrot. MYND/ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR

Kennarar eru lykilmanneskjur. Þeir setja tóninn í hópnum, þeirra viðhorf og samskipti skipta þar af leiðandi svo miklu máli.

Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Tækniskólanum



86%
innflytjenda sækja skóla við 16 ára aldur.

veita innflytjendum meiri stuðning í framhaldsskólunum og að menntun kennara sé mikilvæg. „Kennarar eru lykilmanneskjur. Þeir eru oft einir með hóp nemenda og þar með nýbúana. Þeir setja tóninn í hópnum, þeirra viðhorf og samskipti skipta þar af leiðandi svo miklu máli.“

Nánar verður fjallað um málið í Battlað í borginni sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.

erlabjorg@frettabladid.is

Beltone Legend™ er eitt af mörgum hlutum í Beltone Legend™ heyrnartækis. Beltone Legend™ er eitt af mörgum hlutum í Beltone Legend™ heyrnartækis. Beltone Legend™ er eitt af mörgum hlutum í Beltone Legend™ heyrnartækis.

Beltone Legend™

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FARÐ' OG SLEPPTU ÞÉR ÚT Í SUMARIÐ

ISLONSKA/STOVY/9438 0516



Verð frá: 1.840.000 kr.



Þið smellpassið saman. Aygo og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum. Njóttu þess að mynda ný tengsl með Aygo í sumarsólinni.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Í bát Ribsafari er setið á hörðum miðjustokki bátsins og getur því reynt á þegar hann skellur á mikilli ferð í sjóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

Þetta er bara hættulegt

SLYS Skýrslu er tæpast að vænta fyrr en í haust frá rannsóknarnefnd sjóslýsa vegna slyss þar sem tvær konur hryggbrotnuðu um borð í harðbotna slöngubát ferðabjónustufyrirtækis í Vestmannaeyjum í síðustu viku. Ingi Tryggvason, formaður rannsóknarnefndarinnar, segir svona slyss hafa átt sér stað áður.

„Ég man eftir tveimur málum, einu á Húsavík og öðru í Vestmannaeyjum,“ segir Ingi. Í skýrslu nefndarinnar vegna slyss þegar kona hryggbrotnaði í eins bát Ribsafari í Vestmannaeyjum sumarið 2011 segir að um sé að ræða mjög varhugaverðar siglingar. „Nefndin telur því fyllstu ástæðu til að endurskoða útbúnað þessara báta og

gæta mun betur að öryggi farþega.“

Ingi segir ferðirnar virðast snúast um að sigla nógu hart og stökkva fram af öldum. Við þetta geti orðið mjög mikið högg sem farþegar séu misvel á sig komnir til að taka. „Þetta er bara hættulegt,“ segir hann.

Fram kom í umfjöllun RÚV um málið að konurnar væru á þrítugsaldri, en atvikið hefði átt sér stað þegar um 100 starfsmenn Bláa lónsins voru í vorferð til Vestmannaeyja. Meðal upþákoma sem boðið var upp á í ferðinni hefði verið bátsferð með Ribsafari. Haft er eftir lögmanni Ribsafari að atvikið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlits og lögreglu sem nú rannsaki málið. – óka



Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Garðsláttuvélar í miklu úrvali



Mikið og fjölbreytt úrval garðsláttuvéla

* Sláttuvélar með raf- eða bensínsmotor

* Sláttuvélar með eða án grassafnara

* Sláttuvélar með eða án drífs

MTD

PÓR

Reykjavík:
Krokháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thoris

Ein og ótengd



Nokkrir tugir tóku í gær þátt í árvisstri samkeppni í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, sem snýst um að sitja aðgerðalaus, án þess að tala, sofa, borða eða nota raftæki af nokkru tagi. Yfirskrift keppinnar er „space-out“ og ætlað að vekja fólk til umhugsunar um stóran þátt samfélagsmiðla og snjallsíma í lífi þess. NORDICPHOTOS/AFP

Segist ná hagstæðum kjörum með útboði

Hafnarfjarðarbær bauð rafmagnskaup sín út á EES-svæðinu. Orkusalan varð fyrir valinu. Varaformaður fjárlaganefndar segir að með þessu megi spara mikið.

SAMKEPPNISMÁL Eftir útboð hefur bæjarsjórn Hafnarfjarðar samþykkt að leita eftir samningum um kaup á rafmagn frá Orkusölunni. Umhverfis- og framkvæmdaráð bæjarins hefur falið umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar að leita samninga.

Bærinn fól EFLU verkfræðistofu að hafa umsjón með útboði á raforkukaupum bæjarins. Það var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og var sérstaklega sent seljendum raforku.

Tilboð barst frá fjórum fyrirtækjum og var Orka náttúrunnar með lágsta boð. HS orka skilaði inn tilboði sem var sex prósentum hærra en tilboð Orkusölnnar. Orka náttúrunnar skilaði inn 16 prósentum hærra tilboði og Fallorka 19 prósentum hærra.

Í niðurstöðu EFLU kemur fram að lágsta tilboð sé fjórðungi lægra en útgefnir orkutaxtar og mat stofunnar sé að tilboðið sé hagstæðara en önnur tilboð sem bænum bærust. Ef horft er

Stofnanir sem bjóða ekki út hljóta að hafa of mikið á milli handanna og þarf þá að skera sérstaklega niður hjá þeim.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar



til samningsins sem Hafnarfjarðar-kaupstaður hefur við Fallorku í dag og þau verð sem gilda í dag er þetta um það bil fimm prósent hækkun á heildarkostnaði vegna raforkukaupa, segir í niðurstöðunni.

Félag atvinnurekenda hefur bent á að hægt sé að spara opinbert fjármagn með virkari útboðum af hálfu hins opinbera. FA stóð fyrir fundi

um málefnið síðasta þriðjudag. Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, var á meðal frummælenda en hann telur að fjölmörg vannýtt tækifæru séu í því að halda opin útboð. Fjárlaganefnd tók saman upplýsingar um útboð hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins.

„Við tókum fyrir allt það sem ætti að vera algjörlega einfalt. Til dæmis raforku sem maður skyldi ætla að væri einfaldasta mál í heimi að bjóða út,“ sagði Guðlaugur Þór á fundinum. Af 160 stofnunum hins opinbera hafi hins vegar bara 7,5 prósent boðið út rafmagn og 50 prósent boðið út innkaup.

Hann sagði að ýmsar stofnanir væru ekki tilbúnar að spara með útboðum. „Stofnanir sem bjóða ekki út hljóta að hafa of mikið á milli handanna og þarf þá að skera sérstaklega niður hjá þeim,“ sagði Guðlaugur. stefanraf@frettabladid.is

BÓKHALDSNÁM OG TÆKNINÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FRÆÐSLUSKÝIÐ

FJARKENNSLA
Í BEINNILÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

L Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.



VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyritækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Nýherja, Opin Kerfi, Advania og Sensa.

Hefst: **29. og 30. ágúst 2016** • Lýkur: **Júní 2017**

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM
Miðvikudaginn
25. maí kl. 17:30

VIÐURKENNDUR BÓKARI
Miðvikudaginn
25. maí kl. 18:00

VIÐURKENNDUR BÓKARI

L Viðurkenndur bókari er sérstaklega öflugt einnar annar nám fyrir þá sem vilja skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun og stefna á próf til viðurkennds bókara á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Námið skiptist í þrjá hluta; Reikningshald, Upplýsingatækni og Skattskil.

Hefst: **5. ágúst** • Umsóknarfrestur: **20. júní** • Lýkur: **Des. 2016**

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

L Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

L Námið skiptist í sex hluta: • Bókhald – grunnur • Bókanám fyrir lengra komna • Tollskýrslugerð • Skattskil einstaklinga með rekstur • Viðurkenndur bókari.

Hefst: **5. okt.** • Lýkur: **Des. 2017**



FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námskeiða með Fræðsluskýinu.**

PROMENNT

Þarf að endurheimta traust flokksins

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vill halda áfram sem formaður Framsóknar. Gagnrýni flokksmanna á störf Sigmundar gæti sett strík í reikninginn. Bæjarfulltrúi gæti séð Sigurð Inga Jóhannsson fyrir sér sem formann flokksins. Lilja Alfreðsdóttir fer ekki gegn Sigmundi.

STJÓRN MÁL „Það kemur í ljós á næstu vikum hvort honum tekst að endurheimta traust flokksmanna,“ segir Stefania Óskarsdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, um þá ákvörðun Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þingmanns Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, að halda áfram í stjórnmálum.

Fram kom í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun að hann ætlaði að bjóða sig fram sem formaður flokksins á ný og til þings í haust. Þá segist Sigmundur gera ráð fyrir að hann njóti áfram stuðnings til þess og það kæmi honum á óvart ef flokkurinn ætlaði að láta atburðarás vorsins hafa áhrif á það.

Stefanía segir þá flokksmenn sem hafa mögulega búið sig undir formannsframbod í erfðri stöðu. Margir renni hýru auga til Lilju Alfreðsdóttur. „Já, það eru margir sem renna hýru auga til Lilju, en ég hef heyrt hana segja að hún færi ekki gegn Sigmundi. Sumir gætu þannig verið í erfðri stöðu og þetta getur valdið streitu innan flokksins. Þeir sem hafa hug á formannsframbodi eru líklegir til að halda sig til hlés í fyrstu og gefa ekkert út um það opinberlega nema Sigmundi takist ekki að endurheimta traustið.“

Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra segist ekki hafa hugleitt formannsframbod. „Nei,“ segir hún.

Vorfundur miðstjórnar Framsóknarflokksins verður haldinn 4. júní.

Þar heldur Sigmundur ræðu og gefst flokksfélögum kostur á að ræða við hann í umræðum. Á meðal þess sem flokksfélagar hans eru ósáttir við er að hann ráðfærði sig ekki við þingflokk sinn áður en hann sendi út yfirlýsingu á Facebook um þingrof, skyldu þingmenn Sjálfstæðisflokks ekki treysta sér til að styðja ríkisstjórnina. Eftir yfirlýsingu fór hann á fund forseta á Bessastöðum og flokksmenn fylgdu með atburðarásinni illa upplýstir.

Á sama tíma fóru framsóknarmenn á Akureyri fram á „tafarlausu afsögn“ formanns síns úr embætti forsætisráðherra.

Stefanía segir að í þessu ljósi sé ekki alveg ljóst hvort Sigmundur njóti fulls trausts í flokknum. „Það er ljóst að hann vill reyna á það. Hann sagði að hann myndi snúa til baka sem óbreyttur þingmaður og að hann vildi leiða flokkinn. Það eru skiptar skoðanir innan og utan flokks á því hvort hann eigi að verða formaður. Flokksmenn munu meta það hvaða áhrif það mun hafa, hvort það verði til bóta eða dragi flokkinn niður,“ en fylgi flokksins fór undir níu prósent í apríl og er nú undir tólf prósentum.

„Ég bjóst við þessu, að hann myndi koma fram með þetta sjónarmið að vilja halda áfram,“ segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins á Akureyri. Hann var í hópi þeirra sem vildu að Sigmundur viki sem forsætisráðherra vegna Wintris-



Sigmundur mætti í Sprengisand á Bylgjunni í gær og ræddi væntanlegt formannsframbod, atburðarás vorsins og fund sinn með forsetanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Stefanía Óskarsdóttir, dr. í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

málsins. „Það er í höndum flokksmanna hver framtíðin verður. Það hefur verið boðað til miðstjórnarfundar og þar verða þessi mál rædd.“

Aðspurður hvort hann gæti séð aðra einstaklinga koma til greina í formannssætið vísar Guðmundur í góð störf Sigurðar Inga Jóhannssonar sem forsætisráðherra. „Mér

finnst hann hafa staðið sig vel sem forsætisráðherra. Ég sái hann alveg fyrir mér sem formann flokksins líka. En þetta er fyrst og fremst eitthvað sem við framsóknarfólk þurfum að taka ákvörðun um.“


Fréttastofa ræddi við áhrifafólk í flokknum sem vildi hvorki tjá sig um málið né lýsa yfir afdráttarlausum stuðningi við Sigmund Davíð eða annan frambjóðanda til embættis formanns. Flestir vísuðu í að flokksmenn tækju umræðuna og ákvörðun um framtíð Sigmundar á miðstjórnarfundi og flokksþingi.

kristjanabjorg@frettabladid.is stefanarfn@frettabladid.is

Kosningar ekki endilega í haust

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagðist í viðtali við Pál Magnússon á Sprengisandi í gær ekki endilega gera ráð fyrir því að kosningar yrðu í haust. Hann sái ekki fyrir sér að „stóru málunum“ yrði lokið fyrir september, október. Þá hefði því verið fleygt víðar en í Framsókn að ekki væri hentugt að kjósa í haust.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir ummælin athyglisverð í ljósi þess að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson og Bjarni Benediktsson, hafi lagt til kosningar í haust. „Við í stjórnarandstöðinni lögðum fram skýrar tillögur um að kjósa í vor, ég er enn þeirrar skoðunar að það hefði verið langheppilegast.“ Hún væntir þess að forystumenn stjórnarinnar þurfi að tala við félagasinn. „Núverandi ríkisstjórn er búin að tilkynna að það verði kosningar í haust. Það er búið að breyta starfsáætlun Alþingis til samræmis við það,“ bætir hún við. – **kg**



NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA

3500KG

100
HISTORIC YEARS
Founded 1916
ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI
PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX
DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Stofnfundur Viðreisnar

24. maí



Þriðjudaginn 24. maí verður nýtt stjórn málaafli, Viðreisn, stofnað

Staður: Silfurberg í Hörpu.

Tími: 17.00 - 18.00

Allir velkomnir frá kl. 16.45

Við erum frjálslýnt stjórn málaafli sem vill réttlátt samfélag, stöðugleika, opna umræðu, viðskiptafrelsi og vestræna samvinnu.

Almannahagsmunir umfram sérhagsmuni.

Öflugt atvinnulíf á að vera undirstaða velferðar og velmegunar almennings.

Búa þarf til umgjörð stöðugleika sem dregur úr hættu á því að stjórn málamenn eða sérhagsmunaöfl geti ráðskast með þjóðina og eignir hennar.



VIÐREISN

 /Vidreisn

www.vidreisn.is

Jafntefli í austurrísku kosningunum

Of mjótt er á muninum milli frambjóðendanna í austurrísku forsetakosningunum til að úrskurða sigurvegara. Utankjörfundaratkvæði munu ráða úrslitum. Óttast er að frambjóðandi Frelsisflokksins muni leysa upp þingið verði hann kjörinn forseti Austurríkis.

AUSTURRIKI Enginn augljós sigurvegari kom upp úr kjörkössunum í austurrísku forsetakosningunum í gær.

Eftir talningu atkvæða var Norbert Hofer, frambjóðandi hins öfgaþjóðernissinnaða Frelsisflokks, með 51,9 prósent atkvæða, litlu meira en mótherji hans Alexander Van der Bellen, frambjóðandi Græningja, sem hlaut 48,1 prósent atkvæða.

Þrátt fyrir forystu Hofers er ekki hægt að lýsa hann sigurvegara þar sem utankjörfundaratkvæði verða talin í dag og munu þau skipta sköpum fyrir frambjóðendurna þar sem 14 prósent kjósenda nýttu sér réttinn til að kjósa utan kjörfundar.

Framganga kosninganna var æsispennandi en á meðan á talningu stóð var ekki marktækur munur á frambjóðendum tveimur og tóku þeir forystu til skiptis.

Kosningabaráttan hefur dregið fram afar ólíkar hugmyndir frambjóðendanna en baráttan hefur að mörgu leyti snúist um innflytjenda- og flóttamannamál. Hofer hefur tekið harða afstöðu gegn því að Austurríki taki við mörgum flóttamönnum en Van der Bellen talaði fyrir samheldinni Evrópu sem breiði út faðminn.

Hefðinni samkvæmt er hlutverk forseta ekki valdamikið. Líkt og á Íslandi er meginhlutverk hans að veita stjórnarmyndunarumboð og veita ríkisstjórnunum lausn. Hofer hefur hins vegar hóttað því að verði

Það kæmi ykkur á óvart hvað forseti er fær um að gera.

Norbert Hofer, forsetaframbjóðandi



14%

kjósenda nýttu sér réttinn til að kjósa utan kjörfundar. Þau atkvæði verða talin í dag.

hann forseti muni hann beita völdum forseta sem skilgreind eru í stjórnarskrá en hefur aldrei verið beitt. Til að mynda hótaði hann í sjónvarpskappræðum í síðustu viku að hann myndi leysa upp neðri deild austurríska þingsins og boða til kosninga en flokkur hans, Frelsisflokkurinn, mælist með mest fylgi samkvæmt skoðanakönnunum.

„Það kæmi ykkur á óvart hvað forseti er fær um að gera,“ sagði Hofer í kappræðunum.

Fari svo að Hofer verði kosinn forseti yrði hann fyrsti þjóðarleiðtoginn í Evrópu til að koma úr flokki öfga-þjóðernissinna.

stefanraf@frettabladid.is



„Enga nasista í forsetahöllina.“ Hofer yrði fyrsti þjóðarleiðtoginn úr hópi öfga-þjóðernissinna náði hann kjöri. NORDICPHOTOS/AFP

Þýski matvælamarkaðurinn

Kröfur markaðarins og tækifæri í útflutningi



Bryggjan brugghús | Grandagarði 8 | 25. maí kl. 14-16

Fundur um þýska matvælamarkaðinn, með áherslu á sjávarafurðir, verður haldinn **miðvikudaginn 25. maí kl. 14 á Bryggjunni brugghúsi, Grandagarði 8.**

Dr. Matthias Keller framkvæmdastjóri helstu samtaka í fiskiðnaði og upplýsingamiðstöðvar sjávarafurða í Þýskalandi mun fjalla um neysluvenjur á sjávarafurðum þar í landi og kröfur markaðarins. Björgvin Þór Björgvinsson verkefnastjóri hjá Íslandsstofu mun segja frá útflutningi til Þýskalands og Ruth Bobrich viðskiptafulltrúi í sendiráðinu í Berlín fjallar um þýska markaðinn, ný tækifæri og matvælasýningar. Þá munu fulltrúar fyrirtækja sem flytja út sjávarafurðir og áfengi segja frá reynslu sinni af þýska markaðinum. Léttar veitingar í lok fundar.

Skráning og nánari upplýsingar á vef Íslandsstofu, www.islandsstofa.is



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Forstjóri LSH sammála gagnrýni landlæknis

HEILBRIGÐISMÁL Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, tekur undir gagnrýni Birgis Jakobssonar landlæknis á þróun heilbrigðisþjónustu á Íslandi – sérstaklega hvað varðar hlutastörf sérfræðilækna og skortur á göngudeildarstarfsemi.

Þetta kemur fram í vikulegum forstjórapistli Páls sem birtur er á heimasíðu Landspítalans. Eins og kunnugt er birti landlæknir álit sitt og ábendingar á vef embættisins en var að stofni til efni bréfs til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra. Landlæknir sagði þar að í raun hefði þróunin í heilbrigðiskerfinu verið á rangri braut um langa hríð.

Páll segir að ýmislegt í athugasemdum landlæknis hafi með Landspítala að gera, eðli máls samkvæmt, enda spítalinn stærsta stofnunin í heilbrigðiskerfinu.

„Það eru einkum hlutastörf sérfræðilækna og skortur á göngudeildarstarfsemi sem landlæknir gerir athugasemdir við. Undir hvort tveggja get ég tekið enda höfum við lagt áherslu á að sem flestir helgi sig störfum á Landspítala og raunar greitt sérstaklega fyrir það. Vissulega eru undantekningar á þessari almennu reglu, til dæmis í mjög sérhæfðum sérgreinum læknisfræðinnar, en það eru einmitt undantekningar,“ skrifar Páll.

Hann segir jafnframt að áhrif af umfangsmikilli sérfræðiþjónustu lækna utan spítala endurspeglast að

Það eru einkum hlutastörf sérfræðilækna og skortur á göngudeildarstarfsemi sem landlæknir gerir athugasemdir við.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



Birgir Jakobsson, landlæknir

hluta í takmarkaðri göngudeildarstarfsemi á Landspítala. Fjöldi sjúklinga með fjölderfa vandamál og króníska sjúkdóma aukist stöðugt og sú verði þróunin næstu árin.

„Þörfin fyrir teymisvinnu og samvinnu margra heilbrigðisstétta mun því aukast og þessari þjónustu verður best sinnt á göngudeildum sjúkrahúsa en ekki af einryrkjum í takmörkuðum rekstri,“ skrifar Páll og upplýsir að heilbrigðisráðherra hafi boðað hann og landlæknin á fund fljótlega vegna gagnrýnnar en Kristján Þór hefur að hluta tekið undir sjónarmið landlæknis. – shá



Auðveldaðu þér vinnuna með góðum græjum

STAYER slípirokkur SAB 901 R

900 w
125 mm
Professional
Verð: 9.920 kr.



BMI snúningslaser 64808AHV sett

Drægni: 300 m með móttakara
Sjálfstillandi
Nákvæmni: +/- 3 mm / 30 m
NiMH hleðslurafhlöður
Taska fylgir með móttakara,
fjarstýringu ofl.
IP64
Verð: 87.885 kr.

BMI



ACDelco ANI405 lofttherslulykill 1/2"

Verð: 11.718 kr.

Loftverkfæri í úrvali frá ACDelco.



Stabila LD300 +LAX50 sett

Lasermálband
Drægni: 0,1-30 m
Nákvæmni +/- 2 mm
Mælir: Lengd, fermetra
og rúmmetra
2ja línu laser
3 x AA rafhlöður
Poki fyrir belti
Nákvæmni +/- 0,5 mm/m
Drægni 10 m
Verð: 24.738 kr.



TILBOÐ



Stanley TIG-suðuvél TIG161

Verð: 99.138 kr.

Mikið úrval af rafsuðuvélum frá Stanley á lager á góðu verði.



Léttar en öflugar borrvélar

Panasonic
ideas for life

Panasonic EY 7441 LE3S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 3 x 1,5Ah Li-Ion
14,4 V
2 gírar
1,5 kg
Verð: 36.890 kr.



Panasonic Y 7441 LS2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 4,2Ah Li-Ion
14,4 V
2 gírar
1,75 kg
Verð: 49.600 kr.



Panasonic EY 74A1 LS2G

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 4,2Ah Li-Ion
2 gírar
18 V
1,95 kg
Verð: 49.600 kr.



TILBOÐ



VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

Lærðu hratt



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Sá mæti heimspekingur og háskólamaður Páll Skúlason sagði eitt sinn um menntun: „Tilgangur náms er námið sjálft. Þess vegna verða menn aldrei fullnuma í neinni námsgrein, hversu mörgum og góðum prófgráðum sem þeir ljúka.“ Það er mikill og góður sannleikur í þessum orðum Páls. Sannleikur sem við Íslendingar virðumst löngum hafa átt furðu erfitt með að sjá og meta enda stendur þetta viðhorf okkur oftar en ekki fyrir þrífum.

Fyrir helgina stóð Bandalag háskólanna fyrir málþingi um stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði þar sem kom fram að staða hópsins fer versnandi og fjárhagslegur ábati af náminu minnkandi. Því miður er þetta ekkert sem kemur á óvart í skammsýnu samfélagi þar menntun sem slík virðist lítils metin.

Viðbrögð Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra endurspeglar svo skammsýnina í þessu viðhorfi. Illugi rekur vandann til þess að áherslan hafi verið á að hækka lægstu launin í landinu og þar af leiðandi hafi nú dregið saman með háskólagengnum og öðrum. Ungt fólk sjái því ekki fjárhagslegan ávinning af menntun. Af þessu má skilja að Illuga hefði líkast til þótt betra að halda láglaunafólkinu áfram niðri, sem býr þó enn við herfileg kjör, fremur en að bæta kjör menntafólks. Þetta er viðhorf viðvarandi misskiptingar þess auðs sem er að finna í íslensku samfélagi – auðs sem er til staðar svo lengi sem hann hefur ekki ratað aflands í einhverju apaspili aurapúka.

Illugi bendir hins vegar réttilega á að nútíma hægkerfi hverfast um menntun. Að menntun sé leiðin til aukinnar framleiðni. Illugi bendir á að erfitt sé að bregðast við þessu með einni aðgerð en hann vísar þó til þess að aukin námsframvinda innan bæði menntaskóla og háskóla ætti að vera til bóta. Eða með öðrum orðum að þá sé það háskólaafólki til framdráttar að það læri hraðar og fái sína prófgráðu sem allra fyrst og hafi þannig meiri tíma á ævinni til þess að vera í vinnu en ekki námi. Þetta er varasamt viðhorf svo ekki sé meira sagt. Gildi menntunar á ekki að snúast um að framleiða starfsfólk fyrir atvinnulíf heldur menntunina sjálfa. Hún er vel þess virði og með því að viðhalda háum gæðastaðli erum við margfalt líklegri til þess að byggja upp blómlegt samfélag.

Ef ungt fólk veigrar sér við því að sækja sér háskólamenntun af fjárhagslegum ástæðum þá er lausnin svo sannarlega ekki að hraða framvindu námsins. Í fyrsta lagi þurfum við að horfa til þeirrar staðreyndar hversu gríðarlega kostnaðarsamt það er fyrir ungt fólk á Íslandi að sækja sér háskólamenntun. Það leiðir til þess að horfast í augu við þá staðreynd að langskólagengið fólk er oft skuldum vafið við námslok og ráðstöfunartekjur því litlar. Rót vandans er þannig hvorki námshraðinn né staða lægstu launa í landinu heldur gegndarlaus kostnaður við námið og sú staðreynd að menntun er ekki metin að verðleikum á Íslandi. Nú er því komið að stjórnvöldum að læra hratt af stöðunni ef ekki á illa að fara.



Ef ungt fólk veigrar sér við því að sækja sér háskólamenntun af fjárhagslegum ástæðum þá er lausnin svo sannarlega ekki að hraða framvindu námsins.

Halldór



Frá degi til dags

Eitthvert fólk með einhverjar hugmyndir Ró og spekt virðist vera að komast yfir stjórnmalin í landinu eftir umrót undanfarinna vikna. Nýr forsætisráðherra er í brúnni, mótmælendur mála ekki lengur Alþingishúsið í eggjarauðum lit og kjósa á til Alþingis í haust en búið er að breyta starfsáætlun þingsins því til staðfestingar. Allir virðast hæfilega sáttir. En í gær mætti fyrrverandi forsætisráðherra á sviðið og sagði að Bylgjunnin að menn hefðu haft „einhverjar hugmyndir“ um að kjósa í haust en hann sái það ekki fyrir sér. „Það sem ég heyrir er að menn telji ekki liggja á kosningum í haust,“ sagði hann. Þessir einhverjir menn úti í bæ með „einhverjar hugmyndir“ eru Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra.

Fulli pabbi
Hugleikur Dagsson grínadist með það í Vikunni hjá Gísla Marteini að brottvarf Sigmundar Davíðs hefði verið eins og þegar fulli pabbinn fór í meðferð. Nú virðist fulli pabbi vera mættur heim aftur og kannast ekki við að hafa farið í meðferð. Einhverjir hafi haft „einhverjar hugmyndir“ um að það væri sniðugt að fara í afvötnun og byrja ferskt upp á nýtt en nú sjái menn að það sé óþarft.
stefanrafn@frettabladid.is

Absint nugae, absit scurrilitas...



Guðmundur J. Guðmundsson
kennari

Um miðja 19. öld kom út um nokkurra mánaða skeið í Kaupmannahöfn blað sem hét Tiden. Það sem gerir þetta blað sérstakt er að því ritstýrði Íslendingur, Þorleifur Guðmundsson Repp, og eins og tíðkaðist á þessum tíma skrifaði hann blaðið að mestu upp á eigin spýtur. Umfjöllunarefni blaðsins tengdist líka ritstjóranum nokkuð því það var einkum Repp sjálfur og yfirburðir hans á flestum sviðum. Eins og gefur að skilja þótti Repp lofið gott og skrifaði því ritstjóranum þakkarbréf sem sá síðarnefndi að sjálfsgöðu birti í blaðinu. Tiden varð ekki langlíf enda stóðu ekki að baki henni fjarsterkir einstaklingar og félög.

Nú á tímum þekkinga fáir til Þorleifs Guðmundssonar Repp og þeir sem það gera á annað borð minnst hans einkum fyrir það að hann féll á doktorsprófi við Hafnarháskóla. Repp hafði nefnilega þann skapgerðargalla að þegar hann reiddist setti að honum óstöðvandi tröllahlátur. Þetta nýtti annar andmælandi við doktorsvörnina sér, en sá hafði horn í síðu Repps, og reitti hann því viljandi til reiði með þeim afleiðingum að á Repp rann hláturskast sem engin leið var að hemja. H. C. Ørsted háskólarektor sá sér því ekki annað fært en slíta vörninni og reka hinn hlajandi Repp út með þessum orðum: „Absint nugae, absit scurrilitas, absit ipse denique scurra,“ sem má útleggja einhvern veginn svona: „Burt með skrípalætlin, burt með fíflskapinn, farðu að því búnu sjálf burt fífl.“

Þetta er rifjað upp hér vegna þess að samskipti eins forsetaframbjóðandans við blað það sem hann ritstýrði til skamms tíma minna óneitanlega nokkuð á samskipti þeirra Repps og ritstjóra Tiden. Þar að auki er frambjóðandinn sagður svo fyndinn að heilu landsfundirnir bresta í óstöðvandi hrossahlátur þegar hann tekur til máls. Það væri kannski ástæða fyrir kjósendur að hafa orð rektors Hafnarháskóla í huga þann 25. júní næstkomandi þegar þeir standa í kjörklefanum?

TOYO TIRES

NANOENERGY



Lægra veghljóð



Betra grip



Minni eyðsla



Bilabú Benna
590 2045 | BENNI.IS


NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS



Húsið er innan við 40 fermetrar að stærð. Edda segir það hafa verið talsverða áskorun að nýta rýmið sem best. MYNDIR/EDDA RÚN RAGNARSDÓTTIR



Edda hannaði svefnloft yfir hálftrú rýmið og léttan hringstiga þangað upp. Eldhúsi og baðherbergi kom hún fyrir þar undir.



Rýmið gerbreytt með nýjum glugga sem vísar út að sjó. Kaffilitaða gólfíð kemur vel út.

LITAÐI GÓLFÍÐ MEÐ KAFFI

Edda Rún Ragnarsdóttir innanhússarkitekt fékk draumaverkefnið sitt þegar hún var fengin til að endurgera gamalt skólahús á Seyðisfirði. Hún notaði kaffi til að fá rétta tóninn á gólfíð og lét saga út stóran glugga.

„Húsið er innan við fjörutíu fermetrar að stærð og því talsverð áskorun að nýta plássið sem best. Það var í niðurníðslu og rétt fokhelt þegar ég fékk það í hendurnar. Eigandinn er mikill áhugamaður um hönnun og vildi ekkert til spara. Það má segja að þetta hafi verið draumaverkefni,“ segir Edda Rún Ragnarsdóttir innanhússarkitekt um gamalt skólahús á Seyðisfirði sem hún endurhannaði að innan frá a til ö.

Húsið stendur niðri við sjóinn fyrir utan þorpið og aðeins eitt annað hús í grenndinni. Engir gluggar voru á því sjávarmegin þar sem umferð um bryggjuna mátti ekki trufla krakkana í skólanum. Edda lét saga stóran glugga á þá hlið við stofuna og bætti við litlum glugga á baðherbergið. Þá lét hún einnig gera glugga á gaflinn upp undir þakinu.



Draumaverkefni Eddu Rúnar Ragnarsdóttur, innanhússarkitekts var lítið skólahús á Seyðisfirði. MYND/ANTON

Við völdum mjóar og langar fjalir á gólfíð sem Högni raðaði hverri fyrir sig og blandaði ólíkum tegundum saman. Til að fá rétta litatón, hlýjan og dökkan, notuðum við kaffi. Hver fjöl tekur mismikið til sín af kaffinu og þannig skapaðist einnig mikil hreyfing í gólfíð.

Edda Rún Ragnarsdóttir

„Ég lét gera svefnloft yfir helm-inginn af húsinu og léttan hringstiga þangað upp. Til þess að láta rýmið virka lengra og stærra lögðum við mikla vinnu í gólfíðlötinn. Högni Stefán Þorgeirsson, með Artic Plank, vann með mér að því en hann endurvinnur gamlan við. Við völdum mjóar og langar fjalir á gólfíð sem Högni raðaði hverri fyrir sig og blandaði ólíkum tegundum saman. Til að fá rétta litatón, hlýjan og dökkan, notuðum við kaffi. Hver fjöl tekur mismikið til sín af kaffinu og þannig skapaðist einnig mikil hreyfing í gólfíð,“ útskýrir hún.

Edda segir það vel þekkt aðferð að lita með kaffi. Það þurfi að vera rótsterk lögum til að fá litinn dökkan og henti ekki til drykkjar en fyrir ljósari tóna geti blandað verði þynnri. „Svo er kaffið

GEZE

Rafdrifnir gluggaopnarar

Rafdrifnir opnarar á glugga, þar sem erfið er að komast að. Rofastýrðir - 220v.

JARN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

TUDOR frístundarafgeymir + Exide hleðslutæki

= Rafmagnað frí... ár eftir ár

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi.

TUDOR

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þauvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuögnuleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Húsið stendur niðri við sjó en allir gluggarnir visuðu upp í brekkuna. Umferðin um bryggjuna mátti ekki trufla einbeitingu krakkanna sem sóttu skólann á sínum tíma.

einfaldlega borið á opinn viðinn með pensli eða rúllu og svo lakkað með sterku lakki á eftir," segir Edda. „Vinir mínir búa í London og þau lituðu gólfið í allri íbúðinni með því að bera á það kaffi með pensli.“

Ilmar þá ekki húsið af kaffi? „Nei,



það er nauðsynlegt að lakka yfir. Til þess að geta skúrað gólfið og það þoli umgang. Kaffilyktin hverfur alveg.“

Edda hefur notað kaffilitaðan við í fleiri verkefni en hún vann setrými í verslunarmiðstöðina Glerártorg á Akur-

eyri. „Við Högni unnum saman að því líka. Þá lögðum við kaffilitaðan við ofan í fleti sem fræstir voru ofan í gólfið, gerðum hillur og hliðar á sófa sem ég hannaði í rýmið. Við erum með önnur verkefni á þróunum en munum líklega færa okkur nær ljósari og náttúrulegri litatónum þar," segir Edda.

Nánar má forvitnast um hönnun Eddu á www.err.is og undir [Errdesign á Facebook](https://www.facebook.com/Errdesign).

Endalaust 365

ENDALAUS GSM

1817 | 365.is

365

SÓFATILBOÐ

við réjmum fyrir nýjum sófum...




SMILE BUTTON kr. 217.600 / TILBOÐSVERÐ kr 174.000

20 - 30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SÓFUM

* GILDIR ÚT 28. MAÍ / TAKMARKAÐ MAGN AF HVERJU MODELI

LÍNAN

BÆJARLIND 16 / KÓPAVOGUR / SÍMI 553 7100 / WWW.LINAN.IS / OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
Lögfræðingur



Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



